

Dys í landi Galtarár í Reykhólahreppi Fornleifarannsókn



Ragnar Edvardsson

Mars 2006
NV nr. 3-06

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðafræði	4
3. Fornleifauppgröftur	4
4. Niðurstöður	5
5. Teikningar og Kort	7
6. Heimildaskrá	9

1. Inngangur

Fyrirhugaðar eru vegaf framkvæmdir á svæðinu frá Þorskafirði að Kollafirði í Reykhólahreppi. Fornleifakönnun fór fram á svæðinu frá 2004 – 2005 og voru allar fornminjar í og við tilvonandi vegstæði skráðar og færðar á kort (Ragnar Edvardsson, 2004). Við fornleifakönnunina kom í ljós að einn minjastaður í landi jarðarinnar Galtarár var í hættu vegna framkvæmdanna. Þessi minjastaður, meint dys, er í austanverðum Kollafirði í u.þ.b. 5 metra fjarlægð frá núverandi vegi.

Vegagerðin óskaði eftir því að dysin yrði fjarlægð og fór þess á leit við skýrsluhöfund að hann tæki að sér rannsóknina. Í kjölfarið skrifaði höfundur Fornleifavernd Ríkisins og óskaði álits hennar og fyrirmæla hvað gera þyrfti svo að fjarlægja mætti dysina. Úrskurður Fornleifaverndar Ríkisins var að rannsaka þyrfti dysina til fullnustu í þeim tilgangi að reyna að komast að eðli og aldri hennar.

Fornleifarannsókn á meintri dys fór fram á haustmánuðum 2004 og stóð rannsóknin í 4 daga. Ragnar Edvardsson stjórnaði rannsókninni og sá um frágang skýrslu og gagna. Að auki komu að rannsókninni Hildur Gestsdóttir, mannabeinafræðingur og Ruth A. Maher, fornleifafræðinemi frá New York.

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifarannsóknarinnar. Einnig er hér að finna þær upplýsingar sem fundust um dysina í heimildum, lýsingu á þeirri aðferðafræði sem beitt var við rannsóknina, umfjöllun um fornleifauppgröftinn (sjálfan), teikningar og ljósmyndir af dysinni.

Skýrsluhöfundur vill þakka þeim sem stóðu að uppgreftinum með honum og öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt við rannsóknina.

2. *Markmið og aðferðafræði*

Rannsóknin í Kollafirði flokkast undir björgunarrannsókn, þ.e. fornminjastaður mun eyðileggjast vegna einhverra ástæðna og því verður að framkvæma fornleifauppgröft til að koma í veg fyrir að mikilvægar upplýsingar glatist. Ástæður þess að minjastaður geti verið í hættu eru margar bæði vegna náttúrunnar og framkvæmda manna. Í flestum tilfellum eru það þó ýmiskonar framkvæmdir, s.s. vegagerð, húsbyggingar, osfrv., sem geta raskað fornminjum.

Hluti björgunarrannsókna af fornleifarannsóknum í heiminum er talsverður og er Ísland þar engin undantekning. Margir björgunaruppgreftir hafa farið fram og er þar helst að nefna, Stóruborg undir Eyjafjöllum sem var í hættu vegna ágangs náttúrunnar, Bessastaðir, þar sem fornminjar komu í ljós vegna byggingaframkvæmda, Arnarhóll, þar sem bæjarstæði kom í ljós við endurhönnun hólsins, og svo mætti lengi telja. Björgunarrannsóknir eru án efa þær algengustu og mikilvægustu á sviði fornleifarannsókna þar sem að í þeim tilfellum er verið að reyna að bjarga fornminjum frá algerri eyðileggingu.

Markmið rannsóknarinnar var fyrst og fremst að grafa upp meinta dys svo hægt væri að hefja vegaframkvæmdir á svæðinu. Að auki var markimiðið að safna öllum þeim upplýsingum sem hægt væri um dysina og að reyna að komast að aldri hennar og eðli.

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þær breytingar sem hafa átt sér stað á uppgraftrarsvæðinu í gegnum tíðina.

3. *Fornleifauppgröftur*

Dysin er staðsett austanmegin í Kollafirði, nokkra kílómetra norður af bænum Galtará og stendur u.þ.b. 5 m frá þjóðveg 60. Dysin er stór grjóthrúga, 9 m á lengd og 5 m á breidd og er hún talsvert veðruð og hafa allnokkrir steinar hrunið úr henni. Erfitt er að áætla um upphaflega hæð dysjarinnar en áður en uppgröftur hófst mældist hún rétt rúmum metri á hæð.

Eina heimildin um að hér gæti verið um mannsgröf að ræða er að finna í örnefnaskrá Galtarár. “Innst á Skeiðinu er Dys, og er grjóttíningur á stangli þar úr henni. Utan við Skeiðið er önnur vík, sem



Mynd 1. Hleðsla [4].

heitir Ytri-Skeiðsvík. Nær hún upp undir svonefnda Skeiðiskletta. Þar er aðrekstrarrétt, að nokkru sjálfbyggð. Sagt er að við Dys hafi verið drepinn þræll, er ætlaði að strjúka” (Örnefnaskrá Galtará). Engar aðrar heimildir fundust um dysina.

Eftir að yfirborðstorf [1] hafði verið fjarlægt kom öll grjóthrúgan [2] í ljós. Engin regla var á steinunum og því ekki um manngerða hleðslu að ræða. Steinhjúgan var hæst sunnanmegin. Líklegt er að steinhjúgan hafi myndast þannig að fólk sem átti leið framhjá staðnum í gegnum tíðina hafi fleygt steinum í hrúguna. Eftir að grjótið hafði verið fjarlægt kom í ljós torflönduð mold [3] 4 m á lengd og 4 meter á breidd. Undir moldarlaginu kom svo í ljós regluleg hleðsla 3m á lengd og 1,20 m á breidd [4]. Tvær steinaraðir höfðu verið lagðar út hlið við hlið og torflönduð mold sett upp meðfram hliðunum og nokkrir steinar höfðu verið lagðir ofan á þessar steinaraðir. Þegar steinhleðslan hafði verið fjarlægð kom í ljós gamalt yfirborðslag [5] 3 m á lengd og 3 m á breidd. Steinhleðslan [4] hafði verið byggð ofan á þetta yfirborðslag og hafði það varðveist undir steinhjúgunni en allstaðar í kringum dysina hafði yfirborðslagið veðrast í burtu. Þetta forna yfirborðslag sat ofan á malarlagi sem er að öllum líkindum forsögulegur jökulruðningur.

Við rannsóknina fundust engir gripir sem hægt væri að nota bæði til að aldursgreina dysina eða að fá hugmynd um eðli hennar. Einnig fundust hvorki dýra né mannabein sem hefðu getað staðfest með vissu að hér hafi verið um mannsgröf að ræða.

4. Niðurstöður

Ekki reyndist unnt að fá afgerandi niðurstöður um eðli dysjarinnar í Kollafirði en þó er hægt að fullyrða með nokkurri vissu að hér er ekki um mannsgröf að ræða. Hvorki fundust manna- eða dýrabein né gripir sem hefðu sýnt fram á að hér væri um gröf að ræða. Sömuleiðis var umbúnaður hleðslunnar [4] undir grjóthrúgunni þannig gerður að ólíklegt verður að teljast að dysin sé leyfar grafar sem hafði verið rænd einhvern tíma á öldum áður.


Ógermingur er að fá nákvæma hugmynd um aldur dysjarinnar þar sem að ekkert fannst sem hægt var að nota til aldursgreiningar, hvorki gripir, bein, gjóskulög né nokkuð annað. Erfitt er því að fá nákvæma hugmynd um aldur dysjarinnar en líklegt er að hún sé nokkuð gömul. Útlit og ástand rústarinnar benda til þess að hún hafi staðið þarna að minnsta kosti í nokkur hundruð ár.

Þar af leiðandi er stóra spurningin í hvaða tilgangi var þetta mannvirki reist á þessum stað. Líklegt er að hér sé um einhverskonar merki eða mið að ræða sem að þjóðsaga hefur myndast í kring um. Dæmi um slíkar dysjar er að finna víðsvegar um landið og á Vestfjörðum eru nokkrar slíkar og eru þær margar við sjó. Í Kollafirði er að finna heimild um aðra dys sem er rétt sunnan við þá sem grafin var. "Frá Skarðsbrún út á Skálaneshyrnu er Garðabrún. Á brún, þar sem hæst ber, er haugur eða dys, samanborið grjót. Sitt hvoru megin við það eru tvö gil, Göngugjá að innan og Hrafnagjá að utan” (Örnefnaskrá Skálaness). Í landi Bjarnarnes í Kaldrananeshreppi er dys sem svipar til dysjarinnar í landi Galtarár og stendur hún einnig rétt við sjóinn. “Uppi á klettunum er grjóthrúga, Dys. Sagt er, að þar séu dysjaðir smalar tveir, sem báðir hétu Þorkell, annar frá Bjarnarnesi en hinn frá Kaldrananesi.” (Örnefnaskrá Bjarnarness).


Byggt á niðurstöðum fornleifarannsóknarinnar í Kollafirði og þeim fornleifakönnunum sem hafa farið fram, er líklegt að dysjar af þeirri gerð sem rannsökuð var séu forn siglingamerki og hafi þau verið byggð í þeim tilgangi að auðvelda sæfarendum siglingar við erfiðar

aðstæður. Siglingar í Breiðafirði hafa oft reynst sæfarendum erfiðar þar sem að gríðarlegur munur er á flóði og fjöru. Líklegt er að menn hafi talið það nauðsynlegt að byggja siglingarmerki á ákveðnum stöðum til að sæfarendur gætu siglt óhindrað og örugglega að landi.


5. Teikningar og Kort.



Teikning 1. Dysin í upphafi rannsóknar.



Teikning 2. Hleðsla. Fornleifafræðileg eining nr. 4.



Mynd 1. Staðsetning dysjarinnar í Kollafirði.

6. *Heimildaskrá*

Örnefnaskrá Galtarár, Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands.

Örnefnaskrá Skálaness, Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands.

Örnefnaskrá Bjarnaness, Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu, Vegna ný og endurlagning Vestfjarðavegar nr. 60*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV-17-04, Bolungarvík 2004.